

Um P-Pals

P-Pals eru 14 kennslustundir. Þar eru kenndir bókstafir og hljóð þeirra. Kennslustundirnar byrja á einfaldan hátt en þyngjast eftir því sem á líður. Í byrjun er kennt að þekkja bókstaf og hljóð hans, síðan að tengja saman hljóð og orð. Að lokum er lögð áhersla á að efla hljóðkerfisvitund og festa vitneskjuna í sessi. Lögð er áhersla á endurtekna upprifjun í öllum kennslustundunum.

Fyrstu tíu vikurnar byggjast á að kenna **heiti** og **hljóð** bókstafa. Þau eru kynntir stafirnir a, i, p, s, t, og n.

Í fyrstu kennslustund hvernar viku er heiti bókstafs kynnt. Í annarri kennslustund er hljóð bókstafsins kynnt. Efninu er fylgt eftir með upprifjun til þess að styrkja og festa það í sessi. Þetta er einnig gert til að efla hljóðkerfisvitund og greina mismun á ólíkum stöfum og hljóðum þeirra.

Kennslustundirnar eru allar byggðar upp á sama hátt: **Heiti bókstafs, hljóð bókstafs og upprifjun.**

Kennslustundir í vikum 11-14 byggjast á því að þjálfaðgreiningu á hljóðum bókstafa. Síðustu fjórar vikurnar eru kynnt hljóða/stafapör. Hvert hljóða/stafapar (t.d. p-t, p-s, s-t) tekur tvær kennslustundir.

P-Pals inniheldur þrískiptar kennslustundir:

- 1) Innlögn kennara
- 2) Einstaklingsverkefni
- 3) Samvinnuverkefni

Innlögn kennara: P-Pals hefst með fimm mínútna innlögn kennara sem notar upprifjunarspjöld og veggspjöld. Innlögn kennara er ætlað að efla hlustunarhæfileika barnsins svo og hljóðkerfisvitund sem er mikilvægur undanfari lestrar.

Einstaklingsverkefni: kennslustundin heldur áfram með fimm mínútna einstaklingsverkefni þar sem unnið er með staf/hljóð sem kynnt var í innlögn kennara. Í þessum verkefnum vinna nemendur vinnublöð með aðstoð og leiðsögn kennara.

Samvinnuverkefni: Síðustu fimm mínúturnar eru nemendur paraðir saman til að vinna áfram með heiti og hljóð bókstafa. Kennari útskýrir hlutverk þjálfara og lesara. **Þjálfari:** Þjálfari er sá sem byrjar á að stýra verkefninu og leiðir lesara áfram. **Lesari:** Fer eftir fyrirmælum þjálfara.

Fyrst er kennarinn þjálfari og börnin lesarar. Kennarinn gæti þurft að lengja eða stytta tímabilið eftir þörfum hvers hóps. Síðar verður börnunum skipt í þjálfara og lesara. Þegar hópurinn er tilbúin eru börnin þörfuð saman.

Kostir P-Pals:

- 1) Undirstaða fyrir lestrakunnáttu þar sem það eflir hljóðkerfisvitund nemenda.
- 2) Leggur áherslu á að kenna tengsl hljóðs og bókstafs.
- 3) Kennir nemendum að þekkja lestraátt.
- 4) Nemendur eru virkir þátttakendur í náminu. P-Pals veitir öllum nemendum, óháð getu, tækifæri til að taka að sér mikilvægt hlutverk og flestir geta tekið þátt.
- 5) Nemendur læra vinnuaðferðir samvinnunáms.

Hér má finna slóð að kennslustund í P-Pals <https://vimeo.com/209545651>